

Lofsvert framtak


Ekki mun langt síðan franska bókasafnið við Laufásveg var opnað almenningi, en þó hefur þar farið fram ýmiss konar menningarstarfsemi, sem athygli hefur vakið og einkum hafa það verið kynningarsýningar á ýmsum greinum myndlistar. Þessar sýningar hafa verið mjög misjafnar og upphengingu iðulega ábótavant, enda bjóða þröng húsakynninn ekki upp á mikla fjölbreytni á því sviði, en lakara verður þó að teljast, að frágangur hefur ekki verið sem skyldi þar sem slík menningarþjóf á hlut að. En nú hefur verið sett upp óvenjuleg og jafnframt merkileg sýning. Er hér um að ræða kynningarsýningu á frönsku impressjónistunum, en á síðasta ári voru 100 ár liðin síðan þeir komu fyrst fram. Sýningin fer þannig fram, að á tveim misstórum tjöldum eru samtímis sýndar litskyggjur, — á minna tjaldinu eru málverkinn sýndir í heild sinni, en á stóra tjaldinu eru einstakir hlutar verkanna sýndir mjög stækkaðir og eru myndirnar útskýrðar um leið á frönsku eða ensku allt eftir óskum sýningargesta. Sýningin fer fram í þrem herbergjum samtímis þannig, að tjöldin eru samtals 6 og myndflokkarnir jafnmargir þ.e. tveir myndflokkar í hverju herbergi sem skiptast þannig: 1) „Konan“, „Hið maleríska“ 2) „Impressjónistarnir og þjóðfélagið“, „Þróun impressjónismans“ 3) „Náttúran“, „Manneskjan í málverkinu“. Allt er þetta fróðlegt og vel sett fram, en menn verða líka að gefa sér góðan tíma ef allt á að koma til skila, en að sjá þetta allt á þennan hátt á einum stað veitir einstakt tækifæri fyrir fólk til að kynnast og komast til botns í þessari listastéttu.

Segja má, að impressjón-

istarnir Cézanne, Degas, Gauguin, Van Gogh, Manet, Monet, Renoir, Seurat, Sisley, Toulouse Latrec o.fl., hafi uppgötvað litinn í sjálfu sér, þeir boðuðu að skuggi væri ekki vöntun á lit heldur litur með minna ljósmagni, þeir uppgötvuðu í blæbrigðum ljóss, lita og endurskins hin beinu áhrif náttúrunnar.

Brautryðjendur íslenskrar nútímalistar, Ásgrímur Jónsson, Jón Stefánsson og Jóhannes Kjarrval, voru allir undir mjög sterkum áhrifum frá impressjónistunum, svo sem allir geta sannfærzt um á þessari sýningu.

— Almennigur og ekki sízt gagnrýnendur fengu ofbirtu í augun er impressjónistarnir komu fyrst fram og að sjálfsgötu voru þeir sallaðir niður enda framúrsteftulistamenn síns tíma. Margir þeirra lifðu sárustu neyð og mörg dæmi eru þess að þeir skiptu á málverki og máltíð í einhverju veitingahúsanna og þá oftast eingöngu fyrir manngæzku veitingamannanna, sem höfðu samúð með þessum furðufuglum. En sennilega hafa máltíðir sjaldan verið hærra verði greiddar því að jafnvel minnstu málverk þessara manna eru tugmilljóna virði í dag! Heimildir segja að veitingastofa eins veitingamannsins hafi verið þéttskipuð myndum eftir Claude Monet, en enginn veitingastofa mun geta státað af slíkum auðfæmum í dag. Eiginkona Edouard Manet gat ekki selt nema hinar minni myndir eftir hann, að honum látum, og brá þá á það ráð með hjálp sonar síns að flytja stór og mikil málverk ofan af háalofti og bíta þau niður í margar litlar myndir, þar á meðal nokkur höfuðverk Manets! Flestir munu vita að



Meðal mynda, sem sýndar eru á litskyggjum í franska bókasafninu, eru margar eftir Pierre Auguste Renoir, og getur hér að líta teikningu, sem er einkennandi fyrir vinnubrögð meistarans.

van Gogh lifði í sárustu fátækt og seldi ekki eina einustu mynd allt sitt líf, þrátt fyrir margar tilraunir. Hann á þó að hafa selt eina mynd, en það var bróðir hans Theo, sem lét vin sinn kaupa myndina og galt fyrir hana úr eigin vasa. Van Gogh varð þá svo upp með sér yfir hinni meintu sölu að hann málaði lengi á eftir í sigurvímu, sem óður væri. Hollendingar hafa byggt risastórt safn yfir myndir hans í Amsterdam við Paulus Potter-götu og mun tilförlulega stutt síðan það var opnað.

Þess er óþarft að geta að á sama tíma var uppi fjöldi málara er betur féll í „smekk“

almennings og lifðu sem blómi í eggja á hans vegum, en eru nú fyrir löngu gleymdir.

Ég geri ráð fyrir að almenningi í dag finnst, að fólk fyrir hundrað árum hafi verið í meira lagi skrytið, jafn gullfallegar og þessar myndir þykja nú, en sagan er einungis stöðugt að endurtaka sig því að almenningur virðist jafnan áratugum á eftir samtíð sinni hvað listmat áhrærir. Hins vegar lifir og hrærist listamaðurinn í hringið samtiðar sinnar. Eitt-hvað mun þetta þó vera að breytast miðað við gífurlega aðsókn á nútímalistasöfn og sýningar víðsvegar um þessar mundir.

En sem sagt þá gefst almenningi nú einstakt tækifæri til að kynna sér list impressjónistanna og þróun þeirra í húsakynnum franska bókasafnsins, og hvet ég sem flesta að láta ekki þetta einstaka tækifæri fram hjá sér fara. Framhaldsskólar ættu að senda bekkjardeildir sínar í skipulegum hópum á sýninguna í samráði við forsvarsmenn hennar, en listfræðsla er, sem kunnugt er, algjörlega í molum á því skólastigi í okkar kerfi. Gott væri ef möguleiki væri á að senda sýninguna til Akureyrar og jafnvel víðar. Að lokum þakka ég sérstætt og lofsvert framtak franska bókasafnsins.

Myndlist

eftir BRAGA
ÁSGEIRSSON

Sýning Ragnars Páls

Ég vil víkja nokkrum orðum að sýningu Ragnars Páls í óbeinu framhaldi af pistli mínum um impressjónistana. Ekki svo að skilja að sýning Ragnars sé í nokkru sambengi við þá listastefnu, eða minni á vinnubrögð þeirra, það væri þá að líkja saman slípuðum eðalsteinum og lituðum eftirlíkingum, — hins vegar vík ég þar að listmati almennings, sem hér kemur einnig við sögu.

Framgangsmátinn á bak við þessa sýningu þykir mér í meira lagi undarlegur, svo sem fram kemur í auglýsingum í hljóðvarpi og í fréttum blaða, en þar telur Ragnar Páll mjög hallað á sinn hlut af hálfu fyrri sýningarráðs, sem að meiri hluta var skipað listamönnum er allir sem einn höfnuðu honum, hið sama gerðist áður hjá sýningarráði Norræna hússins, en þar treysti sér enginn til að styðja umsókn hans og enginn sat hjá. Hér heldur Ragnar sér fram sem píslarvotti og skírskotar til almennings að kveða upp sinn dóm um réttmæti ákvörðunar sýningarráðsins fyrri.

Í stað þess að draga nokkurn lærdóm af slíkri reynslu hefur Ragnar Páll nú sem sagt ákallað almenning til að kveða upp sinn dóm, sem vafalltið á að vera hinn eini rétti líkt og dómur almennings fyrir 100 árum, og raunar á öllum tímum.

En sé sagan skoðuð niður í kjölinn voru engir sannari mannvínir né báru ríkari samkennd með almenningi síns tíma en einmitt hinir vanmetnu listamenn, sem leituðu gullsins í sjálfri listinni en ekki í pyngju almennings. Aðrir aftur á móti notfærðu sér vanþekkingu og óþroskað listmat almennings og hlutu aura hans og hylli að launum.

Í Hollandi og víðar eru til verksmíðjur er framleiða málverk á heimsmarkaðinn á færiböndum, myndir þessar eru settar í fallega ramma og sendar í stórum gámum til Ameríku t.d., og aftan á málverkin er stimplað „Hollenzk list“. Hægt er að fá keyptar slíkar stimplaðar myndir, landslag, vinsæl abstrakt mótív o.s.frv. Margir munu



Ragnar Páll. Í fjarska er portrett af dr. Kristni Guðmundssyni fyrrverandi utanríkisráðherra.

kannast við hlaupagæðinga og veiðihundamyndir sem koma frá Englandi í tonnatali. Slík „skiliri“ eru mjög vinsæl meðal almennings enda rjómbollusala á varningnum. Ramma-

gerðin í Hafnarstræti auglýsti um árið umboð sitt fyrir japanskri portrett-list. Áhugasamir þurftu einungis að senda ljósmynd af sér í umslagi og ákveðna peningaupphæð,

15—25 dollara að mig minnir, og fengu innan skamms tíma málaðar portrett-myndir af sér.

Nú hef ég eingöngu gaman af þessu og get vel skilið það fólk,

Framhald á bls. 36